

AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi starfar á vegum sjávarútvegs- og landbúnaðar- ráðuneytisins og veitir styrki til rannsókna- og þróunarverkefna sem auka verðmæti sjávarfangs. Styrkir eru veittir til verkefna er taka á öllum þáttum sjávarútvegs og fiskeldis. Styrkir AVS sjóðsins eru veittir til hagnýtra verkefna og eru ætlaðir einstak- lingum, framleiðslu- og rannsókna- fyrirtækjum og háskólum.



AVS rannsóknasjóður í sjávarútvegi auglýsir eftir umsóknum

AVS sjóðurinn leggur nú áherslu á styttri verkefni og munu umsóknir þar sem verkefni eru til skemmri tíma en 12-18 mánaða að öllu jöfnu njóta forgangs. Lögð verður mikil áhersla á verkefni sem skila verðmætum og störfum fyrir íslenskan sjávarútveg.

Upplýsingar og leiðbeiningar fyrir umsækjendur ásamt eyðublaði er að finna á www.avs.is

Átaksverkefni

- Styrkir til að vinna að vöruþróun og nýsköpun
- Styrkir til að flytja inn nýja þekkingu eða fyrirtæki
- Styrkir til að ráða mastersnema eða doktorsnema

AVS sjóðurinn er tilbúinn til að greiða allt að 50% af kostnaði átaksverkefna, en hámarksstyrkir eru 6-8 m.kr.

Lögð er áhersla á stutt og hnitmiðuð verkefni sem geta skapað mikil verðmæti á stuttum tíma. Sjóðurinn er opinn fyrir öllum hugmyndum sem auka verðmæti sjávarfangs s.s. orkusparandi veiðiaðferðum, vistvænni veiðitækni, fullvinnslu, vörum í smásölu eða á borð neytenda, nýjum afurðum, nýrri tækni, aukinni nýtingu, matarferðamennsku, hönnun, fiskeldi, nýjum tegundum eða öðru því sem getur skilað styrkþegum verðmætri afurð á stuttum tíma.

Umsóknarfrestur í ofangreinda verkefnaflokka er til mánudagsins 1. febrúar 2010.

Önnur verkefni

Framhaldsverkefni. Með stuðningi AVS sjóðsins eru allmörg 2-3 ára verkefni í gangi og mun sjóðurinn styðja þau áfram ef framvinda rannsókna er í samræmi við fyrirheit og kröfur sjóðsins.

Skilafrestur framvinduskýrslu er til mánudagsins 1. febrúar 2010